

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis, Dalvík.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 16. desember 2025 breytingu á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér eftirfarandi:

Lóðir nr. 8 og 10 við Skógarhóla eru felldar út af deiliskipulagi.

Lögð er ný gata til norðurs frá Skógarhólum og fær hún heitið Birkihólar.

Skilgreindar eru þrjár nýjar einbýlishúsalóðir og tvær nýjar parhúsalóðir við Birkihóla.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 12. febrúar 2026.

F.h. Dalvíkurbyggðar,
María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. febrúar 2026